

Umhverfisnefnd.

Álit á tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlands Þjórsárvera, 8. mál, frá Jöklarannsóknafélagi Íslands

Jöklarannsóknafélagið vinnur að eflingu rannsókna á jöklum og ferðum um þá. Innan félagsins starfa bæði fræðimenn og áhugafólk um jökla og jarðvísindi almennt. Það álit sem hér er sett fram markast af starfsviði félagsins. Hér fjöllum við því um Þjórsárverafriðland út frá gildi þess fyrir varðveislu jökla, jökulmenja og landslagsheildarinnar við Hofsjökul sunnanverðan.

Þjórsárver eru flatlend gróðurvin á hálendinu sunnan undir Hofsjökli. Um verin falla allmargar kvíslar úr Hofsjökli og þær leggja Þjórsá til jökulvatn. Skriðjöklar Hofsjökuls, Þjórsárjökull, Múlajökull, Nauthagajökull og Blautukvíslarjökull mynda bakgrunn landslagsheildarinnar og eiga stóran þátt í að skapa þá sérstæðu fegurð sem flestum þykir prýða svæðið. Merkastan verður að telja Múlajökul sem hefur í gamni og alvöru verið kallaður fegursti jökull í heimi. Hann er meðal þeirra skriðjökla sem lengst hafa verið rannsakaðir á Íslandi en fylgst hefur verið með breytingum á sporði hans allt frá 1932. Múlajökull er í flokki framhlaupsjökla, þ.e. hann hopar jafnan en skriður snögg fram um nokkur hundruð metra á nokkurra ára fresti. Ná mælingar nú yfir sex framhlaup sem er einsdæmi á Íslandi. Framan við jökulinn eru miklir jökulgarðar, Arnarfellsmúlar sem jökulinn dregur nafn sitt af. Eru þeir merki um framrás jökulsins og hve mikið hann hefur hörfað frá hámarksútbreiðslu á fyrri öldum. Regluleg lögun jökulsins og Múlanna umhverfis sporðinn, auk hins skýra vitnisburðar sem þetta landslag er um áhrif loftslagsbreytinga á jökla, gera Múlajökul og landið umhverfis sérstaklega verðmætt frá jöklafræðilegu sjónarmiði.

Landslag sunnan Hofsjökuls utan Þjórsárvera er mjög mótað af skriði ísaldarjökla. Einkennandi landslag eru lágir ásar og hæðir en það er dæmigert fyrir svæði sem mikilvirkir jöklar hafa gengið yfir. Einnig er þar víða að finna hvalbök og jökulrispur sem eru vitnisburður um þessa sömu jökla. Landslag af þessari gerð er ekki óalgengt á hálendi Íslands, en vert væri að huga að skipulagðri varðveislu einhverra af þessum svæðum. Það er því niðurstaða okkar að auk hins einstæða dýralífs og sérstæðs gróðurfars séu mikilvægar jarðfræðimenjar innan friðlandsins og við það. Félagið er því fylgjandi stækkun friðlands í Þjórsárverum ekki einungis vegna gróðurlendis heldur einnig til að ná skriðjöklunum inn fyrir mörk friðlýsingar en þeir sækja sér ís í efstu drög Hofsjökuls. Æskilegast væri að hafa jökulskerin Hásteina innan friðlandsins. Þau eru úr líparíti og er ekki annars staðar að finna hreinni hrafninnu.

Þó svo félagið sé ekki mótfallið nýtingu jökuláa til framleiðslu raforku styður það eindregið það sjónarmið að varðveita beri sem stærstan hluta hálendis Íslands í óbreyttri mynd. Á síðustu árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að ósnortin víðerni séu eftirsóknarverð og þau beri að vernda. Jöklarannsóknafélagið telur sér skylt að vekja athygli á mikilvægi þess að varðveita skipulega jökulmenjar eins og jökulgarða, malarása, jökulnúnar klappir, hvalbök og ekki síst jöklana sjálfa, því

mikilvægt er að öllum þáttum hinnar villtu náttúru sé gaumur gefinn. Í því sambandi má nefna að æskilegt væri að varðveita vatnasvið einhverra jökuláa í heild sinni. Jökulár með jökulhlaupum vegna jarðhita eða eldgosa í jöklum eru eitt af sérkennum íslenskrar náttúru. Menjar um slíka atburði eru víða að finna í jarðlögum og rannsóknir á þeim hafa hlotið heimsathygli innan jarðvísinda og í almennum fréttum. Hingað flykkjast hópar vísindamanna víða að úr heiminum á hverju ári til að rannsaka jökla og jökla-menjar. Ætti það að vera vísbending um hversu mikilvægt það er að huga að varðveislu og verndun jökla og jökulmenja á Íslandi.

Fyrir hönd Jökla-rannsóknafélags Íslands þann 11. desember 2001.

Magnús Tumi Guðmundsson

Oddur Sigurðsson

--